

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2014

097-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1103/2013 frá 6. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar viðurkenningu á jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1116/2013 frá 6. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlíun, samræmingu og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/7275/ESB frá 6. nóvember 2013 um breytingu á ákvörðun C(2010) 774 að því er varðar nánari útlíun, samræmingu og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):
 - „– **32013 R 1103**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1103/2013 frá 6. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 6),
 - **32013 R 1116**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1116/2013 frá 6. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774 lokag.):
 - „– **32013 R 7275**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/7275/ESB frá 6. nóvember 2013 um breytingu á ákvörðun C(2010) 774 að því er varðar nánari útlíun, samræmingu og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1103/2013 og (ESB) nr. 1116/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.